

Inngangur

Á árunum 2017-2020 tóku samtals tíu leikskólar í Kópavogi þátt í [Próunarverkefni um snemmtæka íhlutun, mál og læsi](#). Próunarverkefnið var unnið í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Markmið verkefnisins var að tryggja að öll börn leikskólans fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti. Einnig að tryggja að öll börn fái málörvun við hæfi sem styrkir og eflir málþroska þeirra með áherslu á læsi í víðum skilningi. Áherslan er lögð á markvissa málörvun í öllu daglegu starfi. Leikskólarnir tíu gáfu út [handbækur](#) um snemmtæka íhlutun í lok verkefnisins og nú er komið að okkur að gera slíkt hið sama. Með þessari handbók er ætlunin að skýra verkferla tengda snemmtækri íhlutun í Austurkór auk þess að gera yfirlit yfir kennslugögn leikskólans. Með handbókinni verður aðgengi foreldra og starfsfólks að upplýsingum um snemmtæka íhlutun auðveldara og gagnsærra.

Leikskólinn Austurkór



Leikskólinn Austurkór er sex deilda leikskóli sem var opnaður í febrúar 2014. Í upphafi skyldi endinn skoða hefur einkennt starfið í Austurkór frá byrjun en á fyrsta starfsári skólans voru haldnir fundir með starfsfólki og foreldrum með þjóðfundarsniði. Það var gert með því markmiði að finna í sameiningu áhersluþætti skólastarfsins í

Austurkór. Gengið var út frá hugmyndinni um hvaða færni börnin hafa öðlast að loknu námi í Austurkór. Við viljum að börnin sem útskrifast úr skólanum hafi öðlast færni í að vinna í hóp, hlusta á aðra, sýna virðingu og samhyggð. Að börnin séu meðvituð um að þau séu virkir þegnar í þjóðfélaginu og hafi rödd sem heyrir. Þau séu atorkusöm og hafi úthald, seiglu og trú á eigin getu. Afrakstur þessarar vinnu eru gildi Austurkórs. Við skiptum skólaárinu upp í lotur og eru gildin yfirheiti þeirra.

Hugmyndafræði

Skólaskrif í Austurkór er unnið í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla og byggir á félagslegri hugsmíðahyggju. Við horfum til kenninga Vygotskys um nám og þroska barna og þeirrar hugmyndafræði sem birtist í skólaskrif Reggío Emilia á Ítalíu. Nánar má lesa um hugmyndafræðina [hér](#). Við horfum á börnin sem hæfileikaríka einstaklinga og viljum vinna með styrkleika þeirra á margvíslegan og fjölbreyttan hátt.

Aldursblöndun

Við trúum því að aldursblöndun á deildum hafi örvandi áhrif á félagslegan þroska barna og að það færi börnunum fjölbreyttari félagslegri skynjun en í aldursþreinum hópum. Aldursblöndun á deildum gefur börnum fleiri tækifæri til þátttöku og hlutverkum innan hópsins og ýtir undir forystuhæfileika eldri barna. Eldri börnin eru fyrirmyndir yngri barnanna og geta kennt þeim margt. Það eflir yngri börnin og eykur færni þeirra í daglegu starfi og einnig skapar það flóknari leikaðstæður fyrir yngri börnin sem örvar leik þeirra til þátttöku í hlutverkaleik.

Snemmtæk íhlutun í málörvun

Hvað þýðir snemmtæk íhlutun? Í bók sinni *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn - verkfærakista hugmynda* segja þær Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir, talmeinafræðingar, að leikskólakennarar og aðrir uppalendur sem hafa áhuga á málþroska ungra barna þurfa að kunna skil á eðlilegri málþróun. Ef grunur vaknar um frávik þurfa þeir að búa yfir færni til að geta gripið inn í nógu snemma. Ennfremur segja þær að snemmtæk íhlutun í málörvun felist í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik og skilgreina í hverju vandinn er fólgin, skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með og veita markvissa þjálfun til að ná árangri. Með snemmtækri íhlutun og samvinnu við foreldra er hægt að draga verulega úr þeim afleiðingum sem alvarleg málþroskafrávik geta haft á hegðun og líðan og nám barns. Nú er ekki lengur í boði að bíða og sjá því með því að bíða of lengi með íhlutun þá fer dýrmætur tími til spillis sem annars hefði nýst til að örva barnið og styðja það á því tímabili sem skilyrðin fyrir málþroska eru sem best. (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir, 2021)


Málörvun og læsi í Austurkór

Skólaárið 2016-2017 tókum við í Austurkór þátt í þróunarverkefninu "Læsi er meira en stafastaut" ásamt öllum leikskólum Kópavogs. Hér má lesa skýrsluna okkar um verkefnið [Læsi er meira en stafastaut](#). Í þróunarverkefninu innleiddum við námsefnið "Lubbi finnur málbein" og unnið er með máhljóð vikunnar í Lubbastundum á öllum deildum.

Lubbi finnur málbein er kennsluefni eftir talmeinafræðingana Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur og er hugsað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Aðferðin nýtist bæði börnum sem glíma við erfileika í máltöku og hinum sem læra málið án vandkvæða, enda sýna rannsóknir ótvírætt að hljóðanám eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur góðan grunn að lestrarnámi. Efnið stuðlar auk þess að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009).

Lubbastund

Í Lubbastund er sagan sem tilheyrir hljóðinu lesin og rædd. Hvað er Lubbi að bralla í dag, hvar á landinu er hann staddur og hvaða málbein ætli hann finni? Leikið er með orð úr sögunni – rímað, atkvæði klöppuð og þýðing orða rædd. Málhljóð lagt inn –tákníð kennt og stafurinn sýndur (málbein – mynd af staf). Vísan er lesin og lærð með endurtekningu og söng. [Lubbi finnur málbein](#).



- *Mappa með Lubba bókinni, spjöldum með öllum málhljóðunum og lögunum auk málbeinanna er inni á hverri deild. Sérstök Lubbamappa með málhljóðaverkefnum er einnig notuð í sérkennslu til að æfa framburð. Tuskuhundurinn Lubbi er líka á öllum deildum.*

Ritmál. Nöfn barnanna er sýnilegt á skúffum og hólfum allra barna í Austurkór. Á eldri deildum er stafrófið sýnilegt uppi á vegg og flestar deildir safna Lubbabeinunum upp á vegg eftir því sem við vinnum með hvert málhljóð.

Samverustundir

Börnin fara í samverustundir tvisvar á dag. Á morgnana er farið yfir veðrið og í hvaða föt við þurfum að klæða okkur miðað við það, myndrænt skipulag dagsins er skoðað, spjallað og spekúlerað. Í seinni samverustundinni er jafnan lesin bók og sungið.

Hljómsveitin

Næst elstu börn leikskólans fara einu sinni í viku í hópastarf í litlum hópum og þar er unnið markvisst í málörvun með áherslu á hljóðkerfisvitund. Þau gera alls kyns verkefni eins og að ríma,

klappa atkvæði í orðum og fleira. Alltaf er lesin bók eða sögð saga. Nafn hópsins kemur til af því að við erum að undirbúa þau fyrir Hljóm-2, próf sem lagt er fyrir öll fimm ára börn að hausti síðasta skólaárs þeirra í leikskólanum.

Á [læsisvefnum](#) segir: “Góð hljóðkerfisvitund er ein af megin forsendum þess að lestrarnám barns gangi vel. Hljóðkerfisvitund er yfirhugtak sem vísar til almennrar færni við að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orða. Einfalda skýringin er sú að góð hljóðkerfisvitund feli í sér getu til að brjóta málgrein upp í stök orð, orð í atkvæði og atkvæði í stök hljóð. Nánar má lesa um hljóðkerfisvitundina [hér](#).”

Almenn málörvun

Börn læra í gegnum leik og það á líka við um málþroska. Málörvun fer ekki bara fram í vinnustundum einu sinni á dag með sérkennara. Allt starfsfólk leikskólans ber ábyrgð á málþroska barnanna.

Kennarar og starfsfólk er meðvitað um að nýta öll tækifæri í dagsins önn til málörvunar, hvort sem það er í leik, útivist, matartíma, í fataklefa eða á salerni. Kennarar **setja orð á hluti** þó að þeir virðist svo ómerkilegir að það taki því ekki að minnast á þá t.d. jæja ertu búin að klæða þig í gulu stígvélin? Fáum við litlar fiskibollar í matinn - hvað ætlar þú að fá þér margar? Úff það er nú frekar hryssingslegt veður úti í dag o.s.frv. Þetta skiptir gríðarlegu máli fyrir málþroska barnanna. Við erum líka dugleg **að hlusta á börnin** þegar þau eru að tjá sig og hvetja þau í samskiptum við önnur börn. Einnig er mikilvægt að vinna með **endurheimt**, þ.e. að spyrja börnin út í sögur sem verið er að lesa, rifja upp og ræða hvað við sáum í ævintýraferð o.fl. þannig kalla þau fram orðin úr minninu og þau festast betur.

Þó að börn sem þurfa stuðning og fá jafnvel sérkennslutíma fari í sérstakar vinnustundir með sérkennara þá skiptir málörvun í öllu daglegu starfi barnins mestu máli. Í vinnustundum er verið að leggja inn orðaforða, vinna með skilning eða framburðarhljóð. Þessu verður að fylgja eftir í daglegu starfi af starfsfólki deildarinnar og sérkennara barnsins. Þetta á að sjálfsögðu við um öll börnin og mikilvægt að nýta ævintýraferðirnar, hópastarfið og leikinn sem tækifæri til samskipta og **læra ný orð**. Í samverustundum er gott að staldra við skrýtin orð í bókum sem verið er að lesa eða í söngtextum sem verið er að syngja. Stundum er gott að vera með loðtöflusögur eða leikmuni til að segja sögur og myndaspjöld með lögnum. Það hjálpar þeim börnum sem hafa lakari málskilning. **Endurtekning** er líka góð og börn elska að hlusta á skemmtilegar sögur og syngja sömu lögin aftur og aftur.

Æskilegt er að deildarstjórar fari einu sinni í mánuði yfir málörvun barnanna á deildarfundum og ákveði hvaða lög þau ætla að syngja og hvaða bækur þau ætla að lesa á næstu vikum, kannski með tilliti til árstíða eða annars. Þá er hægt að undirbúa markvisst þau orð sem leggja á áherslu á og það auðveldar erlendu starfsfólki að taka þátt í samverustundum og málörvun deildarinnar um leið og það bætir íslenskuna sína.


Fyrir utan kennaraþing (hópastarf), ævintýraferðir og samverustundir þá nýtum við námsefnið **Vinátta** og **Hugarfrelsi** í Austurkór.



- **Vinátta**verkefnið **Blær** á vegum Barnaheilla er virkt á öllum deildum Austurkórs. Markmið verkefnisins er að móta góðan skólabrag þar sem umhyggja, hugrekki, virðing og umburðarlyndi endurspeglast í samskiptum. Lögð er áhersla á tjáningu í stundum með Blæ og þjálfast börnin bæði í félagsþroska og málþroska þar sem þau æfa sig í að tjá tilfinningar, hugmyndir og líðan. Við höfum einnig tekið þátt í þróunarverkefninu **Blær brúar bilið** með leikskólunum Baugi og Kór og Hörðuvallaskóla en markmiðið er að Blær brúi bilið milli skólastiganna. Reglulegar heimsóknir barna og kennara á milli skólastiganna þar sem unnið er með námsefnið gefur frábæran flöt á þessu samstarfi.

- **Hugarfrelsi**

Í nútímasamfélagi verja börn stærsta hluta dagsins í leikskólanum. Við teljum því mjög mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um andlega líðan barnanna og að þeim séu kenndar leiðir til að veita líðan sinni athygli. Hluti af hugarfrelsi er að vinna með öndun, slökun og hugleiðslu. Við gerum öndunaræfingar fyrir hvíld, hlustum á hugleiðslusögur í hvíldinni og lærum að setja orð á tilfinningar okkar.



Málörvun barna í Austurkór með íslensku sem annað tungumál

Hæfnirættir í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

Öll ÍSAT börn í Austurkór fá möppu með **orðaforðalista** Menntamálastofnunar og hæfnirömmunum og þannig er auðveldara að fylgjast með máltöku þeirra og málþroska. Í möppunni eru einnig viðtalslistar til að nýta í foreldraviðtölum til að fá nánari bakgrunnsupplýsingar um barnið. Einnig eru smá hugmyndir að bókum sem nýta má til málörvunar með barninu. Upplagt er að skoða möppuna reglulega á deildarfundum og þannig verða allir starfsmenn meðvitaðir um stöðu hvers barns og mikilvægi daglegrar málörvunar.



Hæfnirammarnir voru unnir af Menntamálastofnun samhliða endurskoðun Aðalnámskrár leikskóla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið með námsþarfir fjöltyngdra barna í huga. Þeim er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Það er von þeirra sem komu að vinnunni að hún skili sér fyrst og fremst í öflugu og gleðiríku leikskólastarfi þar sem fjöltyngd börn fá tækifæri til að leika með tungumálið á virkan hátt og taka reglulegum framförum í íslensku, bæði í skilningi og tjáningarfærni.

Orðaforðalisti inniheldur lista yfir hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu. Orðaforðalistinn er hugsaður sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra til að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna. Orðasafnið er ekki hugsað sem matstæki, skimun eða próf.

Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn. Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið skapar þú námstækifæri út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni. Þegar allt starfsfólk á deildinni gefur 10 daglega (10x1 mínútu, 5x2 mínútur eða lengur) fær barnið sem er að læra íslensku sem annað mál 30–40 mínútna jákvæð, málörvandi samskipti í leik og frjálsum aðstæðum til viðbótar við annað málörvunarstarf. Kennarinn fylgist með samskiptunum með því að hafa skráningarblað í vasanum eða teygjur á úlnlið. Þannig er byrjað með tíu teygjur á hægri úlnlið og þær færðar yfir á vinstri úlnlið. Hver mínúta skiptir máli en í lok dags eiga allar teygjur að vera vinstra megin. Með því að gefa 10 er verið að örva málþroska, auka samskipti, fjölga námstækifærum barnsins og skapa rými til virkrar þátttöku. Barnið upplifir að það tilheyrir barnahópnum og betri trú á eigin getu. Vel undirbúin málörvun, lestrarstundir og vinna með milli orðaforða og flóknari hugtök eru viðfangsefni sem síðan þarf að sinna jöfnum höndum. Þar er ekki síst mikilvægt að huga að skipulagi, hópastærð, myndrænum stuðningi, bókalestri og orðaforðavinnu. Meta þarf framfarir barna í íslensku sem öðru máli alla leikskólagönguna.



Börn sem tala ekki íslensku fá myndræna orðabók í upphafi leikskólagöngunnar sem þau geta tekið með heim og skoðað með foreldrum.

Málörvun - Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Sum börn glíma við fjölbættan vanda og ná ekki að tileinka sér talmál jafn auðveldlega og jafnaldrar þeirra. Þá þarf að nota önnur verkfæri.

Myndrænt skipulag hentar öllum börnum en þó sérstaklega þeim sem glíma við þroskaröskun eins og t.d. einhverfu og svo börnum með íslensku sem annað tungumál. Við notum sjónrænt skipulag á öllum deildum, bæði yfir dagskipulagið og svo til að skýra nánar verkferla á baðherbergi og í fataklefa o.fl.

Sjónrænar vísbendingar eru hluti af [TEACCH](#) aðferðinni sem hefur þá nálgun að auðvelda einstaklingum á einhverfurófi að skilja umhverfi sitt og að gera námsaðstæður þannig úr garði að viðkomandi geti unnið sjálfstætt. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvern nemanda þar sem horft er á styrkleika hans og áhugamál. Áhersla er lögð á að skapa umgjörð sem veitir öryggi og fyrirsjáanleika og skipulagið er sniðið að þörfum hvers og eins.

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Áherslan er lögð á að tákna lykilorð hvarrar setningar. TMT nýtist fólki á öllum aldri sem hefur tal- og málörðugleika af öðrum orsökum en heyrnarleysi. Undanfarin ár hefur komið í ljós að aðferðin nýtist vel í fjölmenningslegu umhverfi til dæmis í leik- og grunnskólum. Aðferðin er málörvandi fyrir öll ung börn og því óhætt að hvetja foreldra og kennara ungra barna að nota TMT sem skemmtilegt málörvunartæki sem um leið hjálpar þeim sérstaklega sem á þurfa að halda.



Takk fyrir mig



Ég vil borða



Mér er kalt

TMT er ávallt notað samhliða tali enda er markmiðið að kenna viðkomandi að tjá sig og skilja íslenskt talmál. Táknin gera málið sýnilegt og styðja þannig við töluðu orðin. Táknin vara lengur en orðin sem hverfa um leið og þau eru sögð. Það gefur viðkomandi lengri tíma til að skilja það sem sagt er. Táknin eru oftast myndræn og lýsandi og því auðskilin. TMT er í raun eðlilegt framhald af

þeim tjáningarmáta sem flest ung börn hafa og ráða við löngu áður en þau hafa þroska til að mynda töluð orð. Við notum TMT t.d. í söngstundum þar sem áhersluorðin í laginu eru táknuð.

PECS (e. The picture exchange communication system) er myndrænt boðskiptakerfi sem hentar börnum á öllum þroskastigum. Þetta boðskiptakerfi hentar vel fyrir börn sem hafa bæði slakan málþroska og litla boðskiptafærni. Lögð er áhersla á frumkvæði til boðskipta og málhegðun en ekki á talmálið sem slíkt. Notkun þessa kerfis er talin ýta undir jákvæða þróun talmáls ásamt því að boðskiptafærni barnsins eykst. Börnin læra að nota myndir og/eða önnur tákni til að gefa til kynna óskir sínar, langanir og líðan.

Félagshæfnisögur nýtast við að kenna börnum að takast á við nýjar/breyttar aðstæður og til að breyta óæskilegri hegðun. Sögurnar eru stuttar og þær eru alltaf jákvæðar. Stundum eru gerð tvö eintök, eitt fyrir leikskólann og annað fyrir heimilið. Sagan er alltaf sögð út frá sjónarhóli barnsins.

Málörvunarefni – spilasafn, bókasafn, heimatilbúið málörvunarefni

Spil eru frábær tæki til að efla málþroska, samvinnu, félagsfærni, samhæfingu og margt fleira. Við notum spil í deildarstarfi og í sérkennslu. Við eigum slatta af spilum til að vinna gagnert með málörvun og framburð. Við flokkum spilin í litaflokka eftir því sem við á:

- Gulur - Orðaforði
- Ljósblár- Setningafræði
- Hvítur - Málfræði
- Rauður - Almennur málskilningur
- Appelsínugulur- Hljóðkerfisvitund
- Grænn - Heyrnarminni
- Svartur - Framburður
- Brúnn - Samvinna
- Fjólublár- Einbeiting/athygli
- Bleikur - Stærðfræði/form
- Blár - Litir

Við erum nýlega búin að flokka allt málörvunarefni í vel merkta rennilásapoka sem hanga á slá inni á skrifstofu sérkennslustjóra. Þar má finna verkefni til að vinna með rím, orðaforða, staðsetningarhugtök, framburðarhljóð og margt fleira.

Bækur.

Bækur eru mjög aðgengilegar á öllum deildum og bókasafnið okkar er grófflokkað í nokkra flokka:

- Gulur - yngri börn
- Hvítur - sögur og ævintýri
- Grænn - fræðibækur
- Grár - þulur / vísur
- Rauður - Jólabækur
- Blár - framhaldssögur
- Röndótt - bækur á erlendum málum.

Við erum byrjuð að merkja bækur í bókalista t.d. rím og annað sem tengist hljóðkerfisvitund þannig að kennari eigi auðveldara með að finna bækur við hæfi ef verið er að vinna með málörvun.

Hlutverk sérkennslustjóra

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Hann er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna. Hann hefur einnig umsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu. Sérkennslustjórinn ber ábyrgð á að börnum sem njóta sérkennslu í leikskólanum sé boðið upp á þroskavænleg verkefni og hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir þau börn sem njóta sérkennslu. Hann hefur einnig umsjón með að áherslum um kennslu annarra sérfræðinga sé framfylgt í leikskólanum og að skýrslur séu gerðar. Sérkennslustjórinn vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forsjáraðila barna sem njóta sérkennslu í leikskólanum og situr fundi og viðtöl með þeim ásamt því að veita þeim stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Hann situr einnig foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans og einnig ber honum að hafa náið samstarf við skólalþjónustu og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem njóta sérkennslu. Hann situr fundi þar sem fjallað er um málefni barna sem þurfa sérfræðiaðstoð eða sérkennslu í leikskólum. Sérkennslustjóri sér einnig um skólaskil sérkennslubarna í 1. og 2. flokki til grunnskólans.

Verkferlar í Austurkór

Þó að öll börn eigi meira sameiginlegt en það sem aðgreinir þau, þá eru þau samt sem áður í eðli sínu ólík og hafa misjafna getu, þroska og reynslu. Taka þarf tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Sérkennsla er viðbótarúrræði handa þeim börnum sem vegna aðstæðna sinna þurfa sérhæfðar leiðir til að þroskast og læra í samfélagi við önnur börn í

skólanum. Ef þörf er á sérkenndu er horft til styrkleika hvers og eins og unnið út frá þeim. Við leggjum áherslu á góð samskipti við foreldra/forsjáraðila og að ákvarðanir og áætlanir séu gerðar í góðri samvinnu við þá.

Viðbrögð við frávikum

Ef grunur vaknar hjá foreldrum/forsjáraðilum eða kennurum um frávík í þroska barns þá er samtalið alltaf fyrst. Athugun í daglegu starfi og foreldrar/forsjáraðilar eða kennarar fylla út þroskalista s.s. Orðaskil eða Tras. Gerð er skammtímaáætlun til að þjálfa/styrkja þann þroska sem vísar frá - ef inngrip ber ekki árangur á 8-12 vikum þá er aftur samtal við foreldra/forsjáraðila og listar útfylltir sem notaðir eru sem fylgigögn ef óskað er eftir sérfræðiaðstoð frá menntasviði.

Grunur um frávík - foreldrar/forsjáraðilar eða leikskóli

- Deildarstjóri fundar með foreldrum/forsjáraðilum - Vandinn skilgreindur. Grófhreyfingar, fínhreyfingar, málþroski, félagsþroski, hegðun, tilfinningastjórn.
- Kynnt fyrir sérkennslustjóra með vitund/samþykki foreldra/forsjáraðila – athugun í daglegu starfi / inngrip á deild. Foreldrar/forsjáraðilar fylla út þroskalista s.s. Orðaskil eða Smábarnalistann og kennarar fylla út Tras- skammtímaáætlun er gerð; markmið og leiðir til að þjálfa/styrkja þann þroska sem vísar frá.
- Endurmat eftir 3 mánuði - dugar það sem verið er að gera eða þarf að finna nýjar leiðir?
- Fundað með foreldrum/forsjáraðilum - vinnu haldið áfram og/eða sótt um aðkomu sérfræðinga menntasviðs.
- Teymi sett í gang, fundað á 6 til 8 vikna fresti.

Stundum koma athugasemdir frá hjúkrunarfræðingi á heilsugæslustöð barnsins þar sem það hefur verið í skoðun. Þá hefst sama ferli og að ofan er lýst.

Einstaklingsnámskrár

- Í upphafi er gerð einföld námskrá með skammtíamarkmiðum og leiðum.
- Þegar teymi hefur verið skipað um mál barns er unnin ítarleg námskrá með langtíamarkmiðum og leiðum, úr þeim eru unnar skammtímaáætlanir.
- Einstaklingsáætlanir eru endurskoðaðar tvisvar til þrisvar á ári.

Sérkennarar/sérkennsluteymi

- Hver sérkennari/stuðningsfulltrúi hefur umsjón með ákveðnu/ákveðnum börnum.
- Vikulegir samráðsfundir þar sem framgangur er ræddur og skipst á hugmyndum og ráðum.
- Hugmyndin að allir sérkennarar geti gengið inn í þjálfun þeirra barna sem tilheyra sérkennslu, vinnubrögð og nálgun sé samhæfð, minni líkur á að fjarvistir kennara hafi áhrif þannig að vinnustundir/þjálfun barnanna falli niður.

Skimanir, athuganir og próf

Í Austurkór er notast við eftirfarandi skimunarlista og próf ef áhyggjur vakna í tengslum við þroska barna:

- **Orðaskil**

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófið metur orðaforða barna og hvort þau hafi náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu og með samanburði er skorið úr um hvort málþroski mælist innan marka miðað við jafnaldra. (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998)



- **Smábarnalistinn**

Smábarnalistinn er frumsaminn hérlendis og ætlað að meta þroska barna á aldrinum 12-38 mánaða. Listinn skiptist í hreyfi- og málhluta. Saman gefa þessir þættir heildarþroskatölu sem hægt er að bera saman við eðlileg mörk jafnaldra. (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. 2005)



- **Íslenski þroskalistinn**

Íslenski þroskalistinn er frumsaminn hérlendis og ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna. Listinn skiptist í hreyfi- og málhluta. Saman gefa þessir þættir heildarþroskatölu sem hægt er að bera saman við eðlileg mörk jafnaldra. (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. 1997)



- **AEPS matslisti**

AEPS er færnimiðaður matslisti sem metur stöðu og framfarir barnsins án tillits til meðalfærni jafnaldra. Upplýsingum er safnað frá foreldrum/forsjáraðilum og leikskólanum og niðurstöður gefa mynd af þörfum, styrkleikum og veikleikum barnsins. Niðurstöður listans eru nýttar þegar útbúin er einstaklingsnámsskrá og íhlutun skipulögð. (Aðalheiður Una Narfadóttir o.fl. 2015)



Gátlistar frá stoðþjónustu leikskóladeildar menntasviðs

- **Gátlisti fyrir málþroska** er listi yfir mál- og talvanda á fimm mismunandi aldursbilum leikskólabarna. Niðurstöðurnar gefa upplýsingar um hvaða börn gætu þurft nánari athugun talmeinafræðings.
- **Mat á hegðunarvanda** er matslisti sem er ætlaður börnum frá þriggja ára aldri. Í matslistanum er aðdragandi, birtingarmynd og viðbrögð vegna erfiðrar hegðunar barns skráð í nokkur skipti.
- **SDQ** er matslisti sem er ætlaður 4-6 ára börnum. Mælir hegðun, líðan, tilfinningar og félagsfærni.
- **Ofvirknikvarðinn** er ætlaður börnum frá þriggja ára aldri. Metur einkenni um ofvirkni, hvatvísi og athyglisbrest.
- **Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni** metur hvort kvíði hjá barni á leikskólaaldri gæti komið í veg fyrir eðlilega þátttöku barns í leik og starfi eða hamli eðlilegum þroska.
- **Spurningar um styrk og vanda**

Mat á námi og þroska

Til að fylgjast með þroskaframvindu barnanna í Austurkór framkvæma leikskólakennarar og sérkennslustjóri eftirfarandi skimanir yfir allan leikskólann fyrir ákveðna aldurshópa til að finna þau börn sem gætu þurft á stuðningi eða íhlutun að halda t.d. varðandi málþroska. Foreldrar eru upplýstir ef niðurstöður gefa til kynna einhver frávik.

- **EFI-2**

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða aldursári. Niðurstöðurnar gefa upplýsingar um hvar börn eru stödd hvað varðar málskilning og máltjáningu. Skimunin sýnir hvaða börn gætu þurft á stuðningi að halda eða þyrftu nánari athugun talmeinafræðings. Þegar skimunin hefur verið lögð fyrir öll börn á deild fæst betri yfirsýn yfir málþætti sem vinna þarf með. (Elmar Þórðarson o.fl. 2012)



- **Hljóm-2**

Á hverju hausti er HLJÓM-2 próf lagt fyrir elstu börn leikskólans. Niðurstöður prófsins hafa forspárgildi varðandi lestrarnám barna og gefa vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir lestrarörðugleikum síðar. Við nýtum niðurstöður Hljóm-2 til að finna hvar styrkleikar og veikleikar barnanna liggja varðandi þróun hljóðkerfisvitundar og grípum inn í með markvissri vinnu með þeim börnum sem ekki ná meðalfærni við skimun. Foreldrar/forsjáraðilar og grunnskóli fá upplýsingar um niðurstöður úr prófinu. (Amalía Björnsdóttir o.fl. 2002)



- **Framburðarskimun**

Einu sinni á ári er barnahópurinn skimaður fyrir framburði þ.e. þau börn sem áður hafa sýnt seinkaða færni í framburði og ný börn sem ekki hafa verið skimuð áður. Notað er myndapróf útbúið af Margréti Samúelsdóttur talmeinafræðingi.

Lykilpersónur

Í stórum barnahópi er mikilvægt að efla og viðhalda tengslum barna og kennara. Til að ná því fram eru kennarar lykilpersónur fyrir ákveðin börn í hópnum. Hlutverk lykilpersóna er fyrst og fremst tengslamyndun en að auki ber hún ábyrgð á að fylgjast með þroska og aðbúnaði barnanna.

- **Lykilpersónublöð**

Lykilpersónublöðin fyllast út af lykilpersónu barnsins. Þau meta gróflega alhliðaproska barnsins. Hvert aldursbil hefur sitt blað, s.s. [1-2 ára börn](#), [3-4 ára börn](#) og [5 ára börn](#) og miðast við [námskrá leikskólabarna í Kópavogi](#).

Tilgangurinn er að hafa yfirsýn yfir þroskaferil barnsins og bregðast við með markvissri íhlutun ef niðurstöður benda til fráviks

- **TRAS**

TRAS (Tíðlig registrering af sprák) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.



Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinna lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. (Menntamálastofnun, e.d.) Markmið okkar er að innleiða notkun TRAS með öllum börnum frá tveggja ára aldri og mun listinn fylgja þeim á milli deilda. Þannig fæst gott heildaryfirlit yfir málþroska barnanna. (Endurmenntun HÍ, 2018)

Með tímanum mun TRAS leysa lykilpersónublöðin og framburðarskimunina af hólmi.

Tól og tæki í sérkennslu.

Börn sem þurfa sérstakan stuðning eða eru með sérkennslutíma fara í einstaklingsþjálfun með sérkennara - vinnustundir. Stundum er vinnustundin í sérkennsluherberginu en stundum inni á deild. Ef verið er að vinna með málþroska þá nýtast vinnustundirnar til að leggja inn orðaforða, vinna með skilning eða framburðarhljóð. Stundum bjóða þau vini eða vinum með ef verið er að þjálfa t.d. boðskipti eða félagsfærni.

Við notum ýmis verkfæri til að vinna með málörvun í vinnustundum. Við notum bæði bækur/blöð, spil og spjaldtölvu auk annars heimatilbúins efnis.

- **Leikum og lærum með hljóðin** eftir Bryndísi Guðmundsdóttur. Hér eru til nokkrar bækur með framburðaræfingum og spilum og einnig er námsefnið til sem app sem við nýtum okkur óspart.
- **Íslenski máhljóðakassinn** -höfundar Anna María F. Gunnarsdóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. Efnið má nota með nemendum á öllum aldri til að kenna og leiðrétta framburð, þjálfa hlustun og hljóðgreiningu, efla orðaforða og hugtakanotkun og undirbúa lestur og ritun.
- **Tölum saman** -höfundar Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir. Málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítýngd börn.
- **Orðagull** - höfundar Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir. Málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn. Þetta efni er bæði hægt að ljósrita úr kennslubókinni eða vinna í spjaldtölvu.
- **Orðaleikur -orðanám í leikskóla**. Höfundar Rannveig Oddsdóttir og Íris Hrönn Kristinsdóttir. Orðaleikur er námsefni fyrir börn af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem annað mál en námsefnið getur nýst á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna. Námsefnið miðar að því að kenna

grunnorðaförða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð.

- **Ozmo** – stafaleikir, tölur/fjöldi og tangram. Ozmo virkar eins og spegill á spjaldtölvu og reynir á að leysa verkefni sem birtast á skjánum með kubbum á borðinu.

Við notum líka ýmis smáforrit til gagns og gamans í kennslunni og má þar nefna:

- Bitsboard Pro
- Book creator
- My Playhome: Play Home Doll House. – orðaförði
- Lærum og leikum með hljóðin
- Froskaleikur (tengt Lærum og leikum með hljóðin – meiri hljóðkerfisvinna)
- Orðagull

Við eigum einnig ýmis verkefni sem eru í merktum boxum á skrifstofu sérkennslustjóra.

Samvinna við foreldra/forsjáraðila

Móttaka barna í leikskólanum

Hagnýtar upplýsingar er eyðublað sem foreldrar/forsjáraðilar fylla út áður en þau koma í aðlögun/fyrsta viðtal. Kennarar/deildarstjórar fara yfir blaðið í fyrsta viðtali og nota “tékklista með hagnýtum upplýsingum” sér til stuðnings en þar eru umræðupunktur sem vert er nota til að fá sem besta mynd af barninu og þroskastöðu þess.

Sérstök móttökuáætlun er fyrir börn af erlendum uppruna og þar er farið yfir eyðublöð sem tengjast þroska og málþroska barnsins. Foreldrar/forsjáraðilar eiga rétt á túlki í móttökuvíðtal.

Aðlögun

Almennt er gengið út frá því að aðlögun taki fimm daga þar sem viðvera barnsins eykst dag frá degi. Þetta er þó einstaklingsbundið og getur í sumum tilvikum tekið lengri eða skemmri tíma.

Tengsl skólastiga

Góð samvinna er á milli Austurkórs og Hörðuvallaskóla. Upplýsingaskylda er á milli skólastiga og fundar sérkennslustjóri með fulltrúum grunnskóla áður en börnin flytjast yfir.

Heimildaskrá

Aðalheiður Una Narfadóttir, Atli Freyr Magnússon, Helga Kristinsdóttir og Þórunn Halldórsdóttir. (2015). AEPS, færnimiðað matskerfi. Kópavogur: Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2002). Hljóm-2. Athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna. Reykjavík: Gutenberg.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir. (2021) Snemmtæk íhlutun í hnotskurn - Verkfærakista hugmynda. Reykjavík: Útg. höfundar.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2005). Smábarnalistinn – Handbók. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (1997). Íslenski þroskalistinn – Handbók. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). Orðaskil – málþroskapróf. Reykjavík: Framsaga.

Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. (2012). EFI-2. Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Akranes: Talþjálfun og ráðgjöf.

Endurmenntun Háskóla Íslands. (2018). TRAS: Skráning á málþroska ungra barna.

Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). Lubbi finnur málbein. Reykjavík: Mál og Menning.